

**1985 nr. 115 31. desember****Lög um skráningu skipa**

**Tóku gildi 1. janúar 1986.** *Breytt með:* L. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991). L. 23/1991 (tóku gildi 17. apríl 1991). L. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992). L. 62/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994). L. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996). L. 39/1997 (tóku gildi 29. maí 1997). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 153/2000 (tóku gildi 29. des. 2000). L. 73/2002 (tóku gildi 4. nóv. 2002, sbr. L. 111/2002). L. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002). L. 10/2003 (tóku gildi 12. mars 2003). L. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006). L. 69/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjórn. 13. júní 2008). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013). L. 150/2018 (tóku gildi 8. jan. 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [Skráningarskyld eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna. Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það. [Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.<sup>1)2)</sup>] [Hið sama gildir um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu [sem og um Færeyinga].<sup>3)4)5)</sup>

□ [Aðeins má skrá til fiskveiða hér á landi skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

1. Íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
2. Íslenska lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru

að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
- b. Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.<sup>6)</sup>

□ [Heimilt er að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar aðilar skv. 1. mgr. hafa aðeins umráð skipsins með samningi og skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er ekki fullnægt. Heimilt er að skrá skip með slíkum hætti til allt að fimm ára og framlengja skráningu í framhaldi af því um eitt ár í senn. Áður en óskað er slíkrar skráningar skal leggja fram upplýsingar um skipið, skráðan eiganda í frumskráningarríki og fulltrúa hans, leigutaka og leigutíma, ásamt upplýsingum um hvar skipið er frumskráð og kenninúmer skipsins (IMO-númer). Með umsókn um þurrleiguskráningu skal fylgja afrit þurrleigusamnings á íslensku eða ensku, staðfesting frá skipaskrá frumskráningarríkis um að skipið megi sigla undir fána annars ríkis á leigutímanum og útskrift úr skipaskrá frumskráningarríkis sem sýnir hver er skráður eigandi skipsins. Skip sem skráð er þurrleiguskráningu skal sigla undir íslenskum fána og skal uppfylla ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum, þ.m.t. ákvæði um búnað skipa og mönnun þeirra. Veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti skulu skráð í frumskráningarríki. Skip skráð þurrleiguskráningu skal afmáð af skipaskrá þegar:

- a. þurrleigusamningur fellur úr gildi;
- b. skilyrðum skráningar er ekki lengur fullnægt;
- c. leigutaki óskar afskráningar;

d. skip hefur ekki lengur heimild frumskráningarríkis til að sigla undir fána annars ríkis og

e. 2.–5. tölul. 15. gr. á við um skipið.

□ Heimilt er að skrá kaupskip sem frumskráð er á íslenska skipaskrá þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá þegar skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er fullnægt. [Samgöngustofu<sup>7)</sup> er þó heimilt að ákveða að heimild þessi sé bundin við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með slíkum hætti til allt að fimm ára og framlengja skráningu í framhaldi af því um eitt ár í senn. Áður en óskað er slíkrar skráningar skal leggja fram upplýsingar um leigutaka og fulltrúa hans, ásamt upplýsingum um hvar eigi að skrá skipið þurrleiguskráningu. Með umsókn um slíka skráningu skal fylgja afrit þurrleigusamnings á íslensku eða ensku, staðfesting frá erlendri skipaskrá um að heimilt sé að skrá skipið þar þurrleiguskráningu og skriflegt samþykki frá veðhöfum um að skipið megi sigla undir erlendum fána. Skip, sem frumskráð er á íslenska skipaskrá og þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá, siglir undir fána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis um eftirlit með skipum, þ.m.t. ákvæðum um búnað skipa og mönnun þeirra. Veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti skulu skráð hjá þinglýsingarstjórum hér á landi.]<sup>8)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 698/2006. <sup>2)</sup> L. 62/1993, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 108/2006, 47. gr. <sup>4)</sup> L. 76/2002, 35. gr. <sup>5)</sup> L. 23/1991, 24. gr. <sup>6)</sup> L. 39/1997, 1. gr. <sup>7)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>8)</sup> L. 153/2000, 1. gr.

**■ [1. gr. a.**

□ [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> getur heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips, sem leigt hefur verið án áhafnar, á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenski skipaskrá. [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> getur ákveðið að heimild til þurrleiguskráningar takmarkist við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með þessum hætti til allt að fimm ára og framlengja þurrleiguskráningu í framhaldi af því um allt að eitt ár í senn. Með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skulu fylgja:

- a. upplýsingar um leigutaka skipsins,
- b. upplýsingar um hvar óskað er að skrá skipið þurrleiguskráningu,
- c. upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum,
- d. afrit þurrleigusamnings, auk löggiltar þýðingar á samningnum ef hann er á öðru tungumáli en íslensku eða ensku,

e. staðfesting erlendra skipaskrár á því að heimilt sé að skrá skipið þurrleiguskráningu þar,

f. staðfesting erlendra skipaskrár á því að skipið verði tafarlaust afmáð af skipaskránni ef íslensk stjórnvöld fara fram á það,

g. skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni,

h. aðrar upplýsingar sem [ráðherra]<sup>2)</sup> getur kveðið á um í reglugerð.

□ Áður en [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting [þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs]<sup>2)</sup> á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,

b. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,

c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,

d. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,

e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,

f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga,

g. önnur skilyrði sem [sá ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs]<sup>2)</sup> getur kveðið á um í reglugerð.

□ Skip, sem skráð er á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, siglir undir þjóðfána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis, þ.m.t. ákvæðum um eftirlit með skipum, búnað skipa og mönnun þeirra, meðan á þurrleiguskráningu stendur. Veðbönd skips, sem skráð er með þessum hætti, skulu skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra hér á landi.

□ Heimild til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður þegar:

a. þurrleigusamningur fellur úr gildi,

b. forsendur heimildar til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. eru brostnar að mati [Samgöngustofu],<sup>1)</sup>

c. skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati [þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs],<sup>2)</sup>

d. leigutaki skipsins óskar þess,

e. 1. mgr. 15. gr. á við um skipið.

□ Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni. Uppfylli skipið ekki skilyrði íslenskra laga ber forráðamönnum þess að sjá til þess að úr því sé bætt innan þriggja sólarhringa frá því að tilkynning berst um að það hafi verið afmáð af hinni erlendu skipaskrá. Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt skal tilkynna það til [Samgöngustofu].<sup>1)</sup>

□ Þurrleiguskráningu skips telst lokið þegar tilkynning berst frá erlendu skipaskránni um að það hafi verið afmáð af henni.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 112. gr. <sup>3)</sup> L. 10/2003, 1. gr.

## ■ 2. gr.

□ Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða skráð hafa verið samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

□ [Skip sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá telst þó ekki vera íslenskt skip og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslendinga meðan á þurrleiguskráningunni stendur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/2003, 2. gr.

## ■ 3. gr.

□ Svífskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> ákveður að hverju leyti fór eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

□ Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti eftir reglum<sup>2)</sup> sem [forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> setur.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 83/2002.

## ■ 4. gr.

□ [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

□ Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskránumer sem helst óbreytt meðan skipið er skráð á Íslandi.

2. Nafn.

3. Einkennisbókstafi (kallmerki).

4. Umdæmisbókstafi og tölu.

5. Heimilisfang.

6. Gerð og aðalmál.

7. Smíðastöð og hvenær smíðað.

8. Hvenær mælibréf er gefið út.

9. Gerð og stærð aðalvélar.

10. [Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka samkvæmt 1. gr.]<sup>2)</sup> Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn og skal þá greina hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.

11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið eða eigenda ef fleiri eru en einn.

12. Skráningardag og ár.

□ [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> gefur árlega út skipaskrá yfir íslensk þilskip.

□ [Samgöngustofu er heimilt að veita aðgang að og miðla upplýsingum úr aðalskipaskrá og skipaskrá yfir íslensk skip, þar á meðal upplýsingum um eigendur, umráðamenn og útgerðaraðila skipa, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 153/2000, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 150/2018, 7. gr.

## ■ 5. gr.

□ [Heimahöfn skráðs skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 1. gr. ætlar því heimilisfang.]<sup>1)</sup>

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>2)</sup> getur veitt eiganda skips einkarétt til nafns á skipi. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipinu, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni sem einkaréttur hefur verið veittur á eða svo lík nöfn eða einkenni að villu geti valdið, þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips sem skráð hefur verið fyrir veitingu á einkaleyfi meðan það helst í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi þrem árum eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. [Samgöngustofa]<sup>2)</sup> heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa sem einkaréttur hefur verið veittur á og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

<sup>1)</sup> L. 153/2000, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

## ■ 6. gr.

□ Um frumskráningu skips fer sem hér segir. Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> til skráningar áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem skrá ber hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslensks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

□ Eigandi skips eða eigendur senda [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> beiðni um skráningu, ritaða á eyðublað frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> ákveður hvaða upplýsingar um skip, sem getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

□ Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

□ [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> sendir hlutaðeigandi [þinglýsingarstjóra]<sup>2)</sup> tilkynningu um skráningu þegar hún hefur farið fram.

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 85. gr.

#### ■ 7. gr.

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærrí en 15 metrar að mestu lengd og skrásetningarskírteini fyrir skip sem eru minni en 15 metrar að lengd. Fari skip sem er minna en 15 metrar milli Íslands og annarra landa skal gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa því. Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, skráningarnúmer, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er gefið út, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út, svo og sé um fiskiskip að ræða umdæmisbókstafi og tölu.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 8. gr.

□ Á hvert skráð skip skal marka nafn skips, heimili og einkennisbókstafi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.<sup>1)</sup>

□ Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

<sup>1)</sup> Rg. 493/1986 (um merkingu skipa).

#### ■ 9. gr.

□ Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila er hér má láta skrá skip sitt eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis og getur þá fulltrúi utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

□ Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og gerð.

2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru heimildarskjali.

3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.

4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögum þess og lýsingu.

□ Beiðni um útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögnum um atriði þau sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

□ Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal hann senda [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> staðfest afrit af því og gögnum þeim sem útgáfubeiðni fylgdu.

□ Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum þegar þess er krafist.

□ Bráðabirgðabþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernis- og skrásetningarskírteini en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi nema sérstök heimild [forstjóra Samgöngustofu]<sup>1)</sup> komi til.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 10. gr.

□ Þegar skipstjóraskipti verða á íslensku skipi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur hlotið ritar lögskráningarstjóri nafn skipstjóra þess er við tekur á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn.

□ Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og öllum öðrum en [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> bannað að rita nokkuð á skírteininu eða breyta nokkru í þeim.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 11. gr.

□ Nýtt þjóðernis- eða skrásetningarskírteini skal gefa út í stað eldra þegar svo stendur á sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað nema glatað sé:

1. Ef breytt er nafni skips.

2. Ef breytt er heimilisfangi skips.

3. Ef skipi er breytt svo að það svarar ekki lengur til þess er í þjóðernis- og skrásetningarskírteini stendur um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.

4. Ef eigendaskipti verða á skipi.

5. Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur glatast. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernis- og skrásetningarskírteini sínu og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða, enda skal þá, eftir því sem við verður komið, farið eftir reglum 9. gr.

#### ■ 12. gr.

□ Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni skal hann í viðurvist [þinglýsingarstjóra]<sup>1)</sup> birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. [Þinglýsingarstjóri]<sup>1)</sup> skal innan þriggja virkra daga senda [Samgöngustofu]<sup>2)</sup> skráningarbeiðnina ásamt endurríti af hinni þinglesnu eignarheimild.

□ Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni fyrr en skráningarbeiðnin hefur borist [Samgöngustofu],<sup>2)</sup> skipið verið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

□ Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins uns umskráning hefur farið fram.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 85. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 13. gr.

□ Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang skal hann senda [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi fyrr en [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskrá.

□ Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskrá og tilkynnir [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> það þá þegar í stað [þinglýsingarstjóra]<sup>2)</sup> í því þinglýsingaumdæmi þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum réttihöfum í skipinu ef þeir eru kunnir.

□ [Nú veður hið nýja heimilisfang því að skip er flutt á milli þinglýsingaumdæma. Verður þá aðgangur í skipabók þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðalskipaskrá. Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki vegna flutningsins.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 85. gr. <sup>3)</sup> L. 69/2008, 9. gr.

#### ■ 14. gr.

□ Nú verður breyting á einhverjum atriðum sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr. en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr. og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 15. gr.

□ Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farist svo að um sé kunnugt, sömuleiðis ef það hefur horfið án þess að til þess hafi spurst í 6 mánuði.
3. Ef það er rífið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staði á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opin bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

□ Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt sem [forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> telur fullnægjandi.

□ Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur fengið þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal eigandi afhenda það [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> nema glatað sé.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 16. gr.

□ Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá og tilkynnir [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> það þá þegar í stað hlutaðeigandi [þinglýsingarstjóra],<sup>2)</sup> en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum réttihöfum í skipinu sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 85. gr.

#### ■ 17. gr.

□ Skrásetningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð sem [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> lætur í té og fá má hjá henni og [þinglýsingarstjórum].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 85. gr.

#### ■ 18. gr.

□ Ef [forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> telur vafa leika á því að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd getur hann æst þess að [málið verði rannsakað]<sup>2)</sup> að hætti [sakamála].<sup>3)</sup> Að rannsókn lokinni getur [forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> borið undir úrskurð ráðherra hvernig með málið skuli fara.

□ Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta en telur rétti sínum hallað með úrlausn [forstjóra Samgöngustofu]<sup>1)</sup> eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 19/1991, 195. gr. <sup>3)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 19. gr.

□ [Forstjóri Samgöngustofu]<sup>1)</sup> getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

□ [Forstjóra Samgöngustofu]<sup>1)</sup> er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað enda þótt eitthvað bresti á til þess að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr.

#### ■ 20. gr.

□ Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð<sup>1)</sup> er ráðherra settur.

<sup>1)</sup> Rg. 587/2002.

#### ■ 21. gr.

□ Hver sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar að gefið er út þjóðernis- og skrásetningarskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslensku þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir að honum er kunnugt um að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum [eða fangelsi allt að 3 árum].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 179. gr.

#### ■ 22. gr.

□ Hver sem lætur skip sigla án lögmætra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 179. gr.

#### ■ 23. gr.

□ Hver sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].<sup>2)</sup>

□ Hver sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sigla án þess, sbr. 9. gr., skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernis- eða skrásetningarskírteini þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernis- og skrásetningarskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

□ Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 82/1998, 179. gr.

#### ■ 24. gr.

□ Um brot samkvæmt 21.–23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

□ Nú er brot, sem um getur í 21.–23. gr., framið með verknáði, svo sem skjalafalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

■ **25. gr.**

Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21.–23. gr.

. . . <sup>1)</sup>

Sektir renna í ríkissjóð.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 85. gr.

■ **26. gr.**

Skip, sem löglega hafa verið skráð þegar lög þessi öðlast

gildi, halda skráningarrétti sínum.

Lög þessi hagma ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Nú l. 79/1997.

■ **27. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. . . .

ELDDRI ÚTGÁFA